

Kynningafundur í Hafnarborg 8.6.2015 kl. 18:00

Breyting á deiliskipulagi Miðbæjar vegna Strandgötu 30.

Bjarki Jóhannesson setur fundinn og býður gesti velkomna. Kynningin fjallar um smávægilega breytingu frá fyrra skipulagi fyrir Strandgötu 26-30.

Við upphaf fundar fer Bjarki yfir ákvæði varðandi miðbæjar og miðsvæða í Aðalskipulagi. Umrætt svæði er svæði M1 í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Meðal almennra ákvæða má nefna bílastæðamál, sem vekti upp þær spurningar hvort endurvekja ætti bílastæðasjóð.

Arkitekt svæðisins Valdimar Harðarson tekur við kynningunni.

Forsagan er að svæðið sem um ræðir hefur staðið autt um alllangan tíma. Fyrir allmörgum árum var gerð tillaga að byggingu á svæðinu, en þau áform urðu ekki að veruleika, og síðan hefur orðið viss þróun.

Kynning:

1. Ásýnd í dag
2. Skipulagsuppráttur með breytingunum, sem felast í breikkun og lækkun til að bygging falli betur að götumyndinni. Smávægilegar breytingar frá fyrra skipulagi. Grunnreitirinn mjög svipaður.
3. Varðandi innakstur í bílakjallara varð niðurstaðan sú að akstursleið yrði í gegnum bílakjallara Miðbæjar.
4. Gönguleið milli Fjarðar og Strandgötu færist í annan kantinn til að rýmka fyrir stórrí verslun á jarðhæð, sem er fýsilegri kostur. Og stigahús yrðu til endanna.
5. Ásýnd byggingar: Hús lækkar um eina hæð og Strandgötu megin er sett Hafnfirsk ásýnd á húsið með kvistum. Gluggar á neðri hæð skulu vera með sýn inn í verslun ekki lokaðir t.d. með auglýsingaskiltum.
6. Snið: neðri hæðir dýpkaðar eilítið.
7. Plan: Stigagangar verða 2. Húsið líklega með 3 pósnúmerum. Stórt verslunarrými á jarðhæð, 600m², sem er ásættanleg stærð, og gangurinn verði opinn á verslunartíma. Vandamál tengingar er að eins og er snýr Fjörður öfugt miðað við samnýtingu svæðisins, s.s. snýr bakhlið í nýbygginguna. Til að ná æskilegri tengingu milli verslunarhúsanna þarf tvö þungaviktarverslanir í sitthvorn endann fyrir æskilegt streymi.
8. Með yfirbyggingu gönguleiðar milli húsanna væri æskilegt að skipulagi Fjarðar yrði breytt.
9. Íbúðir í húsinu verða: 30 íbúðir 54,6m² og 12 íbúðir 80m². Geymslur eru innan íbúðar. Íbúðir snúa allar A-V með möguleika á yfirbyggingu svala, sem eru inndregnar.
10. Í bílakjallara eru 19 stæði, þar af 5 fyrir fatlaða. Kjallari er undir öllu húsinu, en verslunin tekur til sín nokkurt svæði.
11. Ásýndir
12. Yfirlitsmyndir, þrívíddarmyndir

Kynningin verður sett á heimasíðu bæjarins.

Nokkur umræða varð um samgöngu-, umferða- og bílastæðamál og verslun og umhverfi.

Nauðsynlegt verður fyrir íbúa að fá aðgangsstýringu að kjallaranum í Firði.

Fjöldi íbúa og starfsfólks á miðbæjarsvæðinu ætti að getað haldið uppi góðum verslunum.

Miðbæjarverslun þarf ekki að vera jafnstór og í úthverfum. Með tilliti til tengsla milli

verslunarhúsanna og yfirbyggingu göngugötu er nauðsynlegt að breyta fyrirkomulagi í Firði, en þó er

ekki hægt að setja fram neinar kröfur í þá vegu, yrði að þróast. Nefna má að í Fjörð eru 4 inngangar sem enginn þjónar sem aðalinngangur. Einnig má telja til athugasemda varðandi hönnun hússins að úthliðar eru of lokaðar og að lokum gæti verið frábær lausn að hafa Hótel í turninum.

Smáatriði í umhverfinu skipta miklu máli, eins og hellulögn og lýsing.

Nokkur bílastæðavandamál eru á svæðinu, en til lausnar þeim vanda mætti t.d. fjölga mínútustæðum, t.d. 60mín stæðum. Íbúar ættu að getað fengið íbúakort á stæði í miðbænum. Bæta þarf almenningssamgöngur innanbæjar til þess að samgöngumiðstöðin nýttist sem skyldi.

Elías byggingaverktaki hússins sagði ekkert því til fyrirstöðu að hefja framkvæmdir um leið og skipulagsferli væri loki. Nokkur áhugi væri fyrir íbúðunum og búið væri að ræða við mögulegan rekstraraðila stórverslunar.

Þjarkí hélt jafnvel að möguleiki væri að hefja jarðvinnu fyrir á grundvelli fyrra skipulags.

Fundi slitið kl. 18:45

Fundargestir voru 8 með starfsmönnum og nefndarfólki.